



STARFSSKÝRSLA 2013 TIL 2014



**LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA**

**STARFSSKÝRSLA
2013–2014**



Umsjón: Þórey S. Þórðardóttir

Prentvinnsla: Oddi, umhverfissvottuð prentsmiðja 

Kápu mynd: Þingvellir

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	4
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða	7
Stjórn og starfsmenn	8
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2013	10
Yfirlit yfir starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða frá aðalfundi 2013	12
Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða	12
Fundir, ráðstefnur, námskeið o.fl.	22
Samskipti við stjórnvöld	25
Erlent samstarf	27
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða	28
Ársreikningur 2013	29
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	31
Áritun óháðs endurskoðanda	32
Rekstrarreikningur ársins 2013	33
Efnahagsreikningur 31. desember 2013	34
Sjóðstreymisyfirlit árið 2013	36
Skýringar	37

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



I.

Afkoma lífeyrissjóða var góð á árinu 2013 og var raunávöxtun þeirra um 5,5% að meðaltali. Mikil hækkun hlutabréfa skýrir góða ávöxtun að mestu, en innlend og erlend hlutabréf hækkuðu að meðaltali um 27% á árinu. Vegna styrkingar á krónunni gagnvart erlendum myntum hækkuðu erlend hlutabréf minna í íslenskum krónum eða um 13%. Árið 2013 var annað árið í röð sem raunávöxtun lífeyrissjóðanna var yfir ávöxtunarviðmiði og batnaði tryggingafræðileg staða sjóðanna um nálægt 5 prósentustig sl. tvö ár. Sé litið til allra lífeyrissjóða sem starfa án ábyrgðar launagreiðanda nálgast tryggingafræðileg staða þeirra jafnvægi. Það eru góðar fréttir og mikið styrkleikamerki að fimm árum eftir eitt versta efnahagsfall í íslenskri hagsögu standi sjóðirnir jafnsterkir og raun ber vitni.


Þrátt fyrir miklar sveiflur í ávöxtun er langtímaávöxtun lífeyrissjóðanna góð. Á fyrsta áratug 21. aldar hafa verið tvö lækkunartímabil á mörkuðum (tæknibólan 2000–2002 og fjármálakreppan 2008) en eigi að síður er tuttugu ára raunávöxtun lífeyrissjóðanna 4,1% á ári að jafnaði. Frá árinu 1981 eða síðustu 33 ár er raunávöxtun að meðaltali 4,5% á ári sem er heilu prósentu yfir ávöxtunarviðmiði sjóðanna.

II.

Íslenska lífeyriskerfið er svokallað þriggja stöða kerfi. Í fyrstu stöð eru almannatryggingar sem greiða grunnlífeyri, í annarri stöðinni eru lífeyrissjóðir sem greiða ævilangan ellilífeyri og í þriðju stöðinni er frjáls viðbótarlífeyrissparnaður sem ætlað er að bæta við eftirlaunin. Lífeyrissjóðirnir hafa greitt stærstan hluta eftirlauna landsmanna frá árinu 2004 og á næstu árum mun vægi þeirra aukast enn frekar þegar fjölmennar kynslóðir, sem hafa greitt í lífeyrissjóð alla starfsævina, fara á eftirlaun. Á undanförunum árum hafa lífeyrisgreiðslur almannatrygginga hins vegar í auknum mæli verið tekjutengdar og dregið hefur úr vexti viðbótarlífeyrissparnaðar m.a. vegna inngripa stjórnvalda.

Nýleg mannfjöldaspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að Íslendingum á aldrinum 67 ára og eldri muni fjölga úr 36 þúsund árið 2013 í 98 þúsund árið 2060 eða um 173%. Á sama tíma er reiknað með að heildarfólksfjöldi vaxi úr 321 þúsund í 432 þúsund eða um 34%. Hlutfall 67 ára af mannfjölda mun því hækka úr 11% í 23%. Lífeyrissjóðirnir eru undir það búnir að lífeyrisgreiðslur aukist um leið og lífeyrisþegum fjölgar. Ólíklegt er að lífeyrisgreiðslur almannatrygginga aukist að sama skapi og má búast við að hlutverk almannatrygginga til framtíðar verði fyrst og fremst að tryggja lágmarksframfærslu með tekjutengdum lífeyri. Við þessar aðstæður er mikilvægt að hlúa vel að starfsumhverfi lífeyrissjóðanna þannig að þeir geti sem best staðið við hlutverk sitt og greitt lífeyri.

Lífeyrissjóðirnir búa við takmarkaða fjárfestingarkosti vegna gjaldeyrishafta. Til lengri tíma munu höftin draga úr ávöxtun og auka sveiflur í afkomu sjóðanna. Gjalddeyrishöftin voru



Hrein raunávöxtun 1994 til 2013

Ávöxtun lífeyrissjóða á árinu
2013 var góð.

Heimild: Seðlabankinn og FME.


sett á við mjög erfiðar aðstæður árið 2008 og voru óhjákvæmileg neyðaraðgerð á þeim tíma. Síðan eru liðin fimm og hálf ár og eru flestir sammála um að það er eitt af mikilvægari verkefnum stjórnvalda að finna leiðir til að afnema höftin. Færa má rök fyrir því að það eru almannahagsmunir að lífeyrissjóðirnir verði fremstir í röðinni þegar höftin verða losuð eða að lífeyrissjóðir fái sérstakar heimildir til að fjárfesta erlendis í höftum. Stjórn Landsamtaka lífeyrissjóða ákvað í vetur að semja við tvo sérfræðinga við Háskóla Íslands um að greina áhrif haftanna á lífeyrissjóðina og þjóðhagsleg áhrif af takmörkuðum fjárfestingarkostum. Skýrsla um lífeyrissjóði í höftum verður kynnt á vordögum 2014.

Landsmenn lifa lengur en áður og mannfjöldaspár gera ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram. Þar sem lífeyrissjóðirnir greiða ævilangan lífeyri vaxa skuldbindingar þeirra þegar meðalævi lengist. Tryggingafræðingar hafa reiknað út að skuldbindingar sjóðanna aukist um nálægt 10% ef reiknað er með því að meðalævi haldi áfram að lengjast eins og spáð er. Hægt er að bregðast við þessari þróun með þrennum hætti: Hækkun iðgjalda, hækkun lífeyrisaldurs eða lækkun lífeyrisgreiðslna. Það er viðfangsefni aðila kjarasamninga að taka ákvörðun vegna þessa en í því sambandi er einkum horft til samráðshóps stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál sem samið var um í kjarasamningum 2011.

III.

Eitt helsta áherslumál stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða á starfsárinu var að kynna starfsemi lífeyrissjóðanna og mikilvæg réttindi sjóðfélaga. Af því tilefni kynntu lífeyrissjóðirnir Lífeyrisgáttina í október 2013, sem er læst vefsíða með upplýsingum um áunnin réttindi fólks í öllum lífeyrissjóðum sem það hefur greitt í um ævina. Lífeyrisgáttin var formlega opnuð á fjölsóttum fagnaðarfundum starfsmanna og stjórnarmanna lífeyrissjóða þann 29. október 2013. Þar var einnig kynntur uppfærður fræðsluvefur **gottadvita.is** og endurbætt heimasíða Landssamtakanna. Í tilefni af opnun Lífeyrisgáttarinnar hvöttu sjóðirnir sjóðfélaga sérstaklega til að líta inn þriðjudaginn 5. nóvember, en þá voru flestir lífeyrissjóðir með opið hús. Lífeyrisgáttinni hefur verið mjög vel tekið og vakið verðskuldaða athygli. Á vegum Landssamtakanna er hafinn undirbúningur að annarri útgáfu hennar og er markmiðið að bæta við upplýsingum sjóðfélögum til hagsbóta.

Í mars á þessu ári stóðu Landssamtök lífeyrissjóða að útgáfu Vefflugunnar, veffréttablaði lífeyrissjóðanna. Í blaðinu er að finna margvíslegan fróðleik um lífeyrismál og starfsemi lífeyrissjóðanna. Í fyrsta tölublaði voru m.a. upplýsingar um afkomu lífeyrissjóðanna 2013, um mannfjöldaspá Hagstofunnar, um fjölbjóðlegt rannsóknarverkefni OECD með aðild Íslands og um kjarasamningana 1969 þegar samið var um stofnun lífeyrissjóða launafólks. Veffréttablaðið fékk einnig ágætari viðtökur, en samkvæmt mælingum skoð-



uðu rúmlega átta þúsund manns blaðið. Ætlunin er að halda útgáfu fréttablaðsins áfram og stefna að tveimur til fjórum útgáfum á ári.

IV.

Í nóvember 2013 kynntu stjórnvöld aðgerðir til að lækka húsnæðisskuldur heimila í landinu og auðvelda þeim sem eiga ekki íbúð að kaupa húsnæði. Hluti af aðgerðunum er að heimila einstaklingum að nýta viðbótarlífeyrissparnað með skattaafslætti til greiðslu inn á húsnæðislán. Jafnframt munu þeir sem eiga ekki íbúðarhúsnæði og skulda ekki húsnæðislán geta nýtt viðbótarlífeyrissparnað með skattaafslætti til kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota á næstu árum. Þeir sem skulda húsnæðislán eða hyggjast kaupa húsnæði á næstu árum ættu tvímælalaust að nýta sér þessar heimildir vegna skattaafsláttarins sem munar um.

Á undanförunum árum hafa reglulega komið fram hugmyndir um breytingar á séreignarsparnaði eða um að nota hluta sparnaðarins í annað en að greiða eftirlaun. Landssamtök lífeyrissjóða eru almennt á móti inngripum í viðbótarlífeyrissparnað þar sem hann er ætlaður til að bæta við eftirlaunin og greiða bæði fyrir einka- og samneyslu. Landssamtökin lýstu þó yfir stuðningi við þessa aðgerð í umsögn um lagafrumvarp um heimildina. Fjárhæðir eru hóflegar og aðgerðin tímabundin. Auk þess mun aðgerðin að öllum líkindum hafa þau jákvæðu áhrif að margir sem hafa ekki lagt fyrir byrji með viðbótarlífeyrissparnað.


V.

Í árslok 2010 var gengið frá samkomulagi stjórnvalda og lífeyrissjóða um víxlverkanir greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða. Samkomulagið féll úr gildi um síðustu áramót og er óljóst hvernig málum verður hagað til framtíðar. Starfshópur stjórnvalda og lífeyrissjóða skilaði skýrslu til félags- og húsnæðismálaráðherra um málið til ráðherra í febrúar með ábendingum um mögulegar leiðir.

Víxlverkanir lífeyrisgreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða eru ljóður á annars góðu lífeyriskerfi. Þegar lífeyrir er tekjutengdur er þó erfitt að komast hjá þeim, sérstaklega á greiðslu örorkulífeyris sem getur ekki verið hærri en laun voru áður en starfsorkumissir varð. Afar brýnt er að forráðamenn vinnumarkaðarins, lífeyrissjóða og stjórnvalda móti sanngjarna og réttláta stefnu til framtíðar um samspil lífeyrisgreiðslna í fyrstu og annarri stoð lífeyriskerfisins.

Ég vil að lokum færa framkvæmdastjóra og starfsfólki sjóðanna þakkið fyrir góð og árangursrík störf á liðnu starfsári á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða.


Gunnar Baldvinsson formaður LL



HLUTVERK LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Hlutverk samtakanna er að


- gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða sem aðild eiga að samtökunum;
- vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiri háttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna;
- hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra;
- vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða, svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga;
- stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna;
- fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lífeyrissjóðasamtaka;
- vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.



Kostnaður íslenskra sjóða með lægsta móti

OECD tekur reglulega saman yfirlit um rekstrarkostnað lífeyrissjóða og sýna niðurstöður þess samanburðar að kostnaður íslensku lífeyrissjóðanna er með því lægsta sem þekktist.

Árið 2012 var meðalföldi starfsmanna íslensku sjóðanna 205 og heildarkostnaður 0,2% af meðaleignum.



STJÓRN OG STARFSMENN

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð níu aðalmönnum og þremur varamönnum. Kjörtímabil er þrjú ár og skal árlega kjósa þriðjung stjórnarmanna og einn varamann. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum.

Á aðalfundi LL þann 30. maí 2013 var stjórnin skipuð sem hér segir:

Til eins árs:

Arnar Sigurmundsson
Guðrún Guðmannsdóttir
Þorbjörn Guðmundsson

Til tveggja ára:

Ásgerður Pálsdóttir
Gunnar Baldvinsson
Kristbjörg Stephensen

Til þriggja ára:

Bryndís Hlökkversdóttir
Haukur Hafsteinsson
Heiðrún Jónsdóttir

Varamenn í stjórn, kosnir á ársfundi 2013:

Til eins árs: Jón G. Kristjánsson
Til tveggja ára: Sigurbjörn Sigurbjörnsson
Til þriggja ára: Auður Finnbogadóttir



Efri röð frá vinstri: Jón G. Kristjánsson varamaður, Ásgerður Pálsdóttir, Sigurbjörn Sigurbjörnsson varamaður, Haukur Hafsteinsson varaformaður, Arnar Sigurmundsson og Þorbjörn Guðmundsson.

Fremri röð frá vinstri: Guðrún Guðmannsdóttir, Þórey S. Þórðardóttir framkvæmdastjóri, Gunnar Baldvinsson formaður og Heiðrún Jónsdóttir. Á myndina vantar Kristbjörgu Stephensen og Ástu Rut Jónasdóttur.

Bryndís Hlöðversdóttir óskaði eftir að láta af stjórnarstarfi og í hennar stað var Ásta Rut Jónasdóttir kjörin til þriggja ára á aukaaðalfundi sem haldinn var þann 26. nóvember 2013.

Á kjörtímabili stjórnarinnar voru haldnir alls 12 fundir. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum samþykktar samtakanna.

Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri LL funda reglulega milli stjórnarfundar þar sem farið er yfir helstu mál sem í gangi eru hverju sinni og stjórnarfundir undirbúnir. Slíkir fundir voru 20 talsins á starfsárinu.

Framkvæmdastjóri samtakanna er Pórey S. Þórðardóttir hrl. Sigurður Albert Ármannsson MSc. var fastráðinn starfsmaður samtakanna árið 2013, en hann lét af störfum í byrjun febrúar árið 2014.

LL hafa til fjölda ára verið í farsælu samstarfi við Greiðslustofu lífeyrissjóða sem annast ýmis almenn skrifstofustörf fyrir samtökin.

Starfsmenn Greiðslustofu lífeyrissjóða eru:

Matthildur Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri

Jóhanna Ólafsdóttir

Sara Jóna Stefánsdóttir sem er í fæðingarorlofi og leysir Ebba Karen Garðarsdóttir hana af tímabundið.



Starfsmenn Greiðslustofu lífeyrissjóða: Talið frá vinstri: Matthildur Hermannsdóttir, Jóhanna Ólafsdóttir, Sara Jóna Stefánsdóttir, Stefán Ingi Garðarsson og Ebba Karen Garðarsdóttir.

AÐALFUNDUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA 2013

Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) var haldinn á Grand hóteli í Reykjavík 30. maí 2013. Gunnar Baldvinsson, formaður samtakanna, setti fund. Sigurður Bessason, formaður Eflingar stéttarfélags, var kjörinn fundarstjóri og Sigurður Albert Ármannsson, starfsmaður LL, fundarritari.

Skýrsla stjórnar

Gunnar Baldvinsson fjallaði um starfsemi LL á starfsárinu 2012. Þar kom meðal annars fram:

- Lífeyrissjóðir hafa áhrif á líf nær allra landsmanna. Sem dæmi um það má nefna að þeir greiða körlum lífeyri 30% af ævi þeirra eftir 25 ára aldur og 36% af ævi kvenna. Megintilgangur sjóðanna er að greiða ellilífeyri til æviloka og vegur hann um 70% af lífeyrisgreiðslum.
- Afkoma og ávöxtun lífeyrissjóða var mjög góð á árinu 2012.
 - Eftir fimm ár með raunávöxtun undir ávöxtunarviðmiði lífeyrissjóða var raunávöxtun sjóðanna í heild yfir 7%.
 - Góða ávöxtun má að mestu rekja til hagstæðrar þróunar á erlendum hlutabréfamörkuðum.
 - Innlend hlutabréf hækkuðu einnig mikið en þau vege mun minna í eignasöfnum sjóðanna.
- Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða á árinu 2012 var 7,3%.
- Erlendar eignir höfðu mest áhrif á ávöxtun sjóðanna og námu í mars 2013 23% af heildareignum sjóðanna. Þær eru ómetanlegar fyrir sjóðfélaga, sérstaklega vegna þeirrar áhættudreifingar sem fæst með því að fjárfesta í mörgum hagkerfum, með því að dreifa fjárfestingum á ólík heimssvæði og á fjölda útgefenda.



Frá hádegisfundi stjórnar LL með fulltrúum frá baklandi sjóðanna.

- Vegna gjaldeyrishaftanna eru flest eignasöfn íslenskra fjárfesta með verulega áhættu gagnvart íslenska hagkerfinu, sem er lítið og einhæft.
- Lífeyrisgreiðslur hafa sexfaldast frá árinu 1997. Eignir lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris voru um 2.400 milljarðar króna í mars 2013.
- Gjalddeyrishöftin eru mesta ógnin sem lífeyrissjóðir búa við og og hafa neikvæð áhrif á íslenskt hagkerfi til lengri tíma.
- Nú skiptir máli að stjórnvöld geri markvissa áætlun til að aflétta höftunum, en til þess að það takist þurfa allir að leggjast á eitt og sem víðtækust sátt að nást um þá leið sem verður farin. Lífeyrissjóðir eru reiðubúnir að leggja sitt af mörkum.

Ársreikningur LL fyrir árið 2012

Pórey S. Þórðardóttir kynnti helstu niðurstöður og kennitölur ársreiknings fyrsta heila starfsárs síns sem framkvæmdastjóri LL. Hún sagði að árið hefði verið viðburðaríkt og að störf fastanefnda og vinnuhópa LL um ýmis málefni byggðust á miklu vinnuframlagi starfsmanna aðildarsjóða samtakanna. Þessi vinna hefði skilað miklum árangri á starfsárinu.

Ársreikningur fyrir árið 2012 var borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Breytingar á samþykktum

Framkvæmdastjóri kynnti tillögur að breytingum á samþykktum LL. Allar miðuðu þær að því að tryggja áhrif margra og ólíkra þátta og sjónarmiða þeirra er að samtökunum standa við skipan stjórnar þeirra. Breytingarnar voru samþykktar samhljóða.

Stjórnarkjör

Þrjú úr fráfarandi stjórn LL gáfu ekki kost á sér til endurkjörs: Friðbert Traustason, Helgi Magnússon og Sigurður Bessason.

Í nýja stjórn voru kjörin:

Arnar Sigurmundsson, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja, Guðrún Guðmannsdóttir, Lífeyrissjóði Vestfirðinga og Þorbjörn Guðmundsson, Sameinaða lífeyrissjóðnum, til eins árs.

Ásgerður Pálsdóttir, Lífeyrissjóðnum Stapa, Gunnar Baldvinsson, Almenna lífeyrissjóðnum og Kristbjörg Stephensen, Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga, til tveggja ára.

Bryndís Hlöðversdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna, Haukur Hafsteinsson, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Heiðrún Jónsdóttir, Gildi lífeyrissjóði, til þriggja ára.

Varamenn stjórnar:

Jón G. Kristjánsson, Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga, til eins árs.

Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, til tveggja ára.

Auður Finnbogadóttir, Lífeyrissjóði verkfræðinga, til þriggja ára.

Samþykkt var að hækka þóknun til stjórnarmanna í samræmi við almennar verðhækkanir.

Samþykkt var að KPMG yrði áfram endurskoðandi LL.

Fjárhagsáætlun

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun ársins 2013 þar sem kom fram að útgjöld myndu aukast nokkuð vegna aukinna umsvifa samtakanna. Áætlunin var samþykkt samhljóða og í framhaldinu ákveðið að árgjald til LL skyldi vera 0,1% af iðgjaldastofni ársins 2012 miðað við 12% iðgjald.

Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir vinnu við að uppfæra vef LL, ll.is, og endurbótum á fræðsluvefnum gottadvita.is. Þá kom fram að réttindabók lífeyrissjóðanna tæki óðum á sig mynd sem sameiginleg vefgátt til að auðvelda sjóðfélögum aðgang að upplýsingum um eigin lífeyrisréttindi.

YFIRLIT YFIR STARFSEMI LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA FRÁ AÐALFUNDI 2013

Síðasti aðalfundur samtakanna var haldinn 30. maí 2013. Gunnar Baldvinsson var áfram formaður og hefur því gegnt formennsku í tvö starfsár.

Margvísleg erindi berast samtökunum og er leitað samráðs um ýmis málefni sem eru til umfjöllunar á hverjum tíma. Óskað er umsagnar um fjölda mála, einkum frá þingnefndum, ráðuneytum og Fjármálaeftirlitinu. Fyrirspurnir berast til LL frá starfsfólki lífeyrissjóða og almennum sjóðfélögum sem margar hverjar fá úrlausn í sérlega góðu samstarfi við starfsmenn Greiðslustofu lífeyrissjóðanna.

Á starfsárinu hefur aukin áhersla verið lögð á að koma skilaboðum lífeyrissjóðanna á framfæri og í því sambandi hafa vefsíður samtakanna verið uppfærðar, bæði heimasíðan og fræðslusíðan Gott að vita. Einnig hefur Lífeyrisgáttin litið dagsins ljós þar sem sjóðfélagar geta á einum stað nálgast upplýsingar um heildarréttindi sín í samtryggingarsjóðum. Fjölmargir fræðslu- og kynningarfundir hafa verið haldnir auk málþinga þar sem færi gefast á því að skiptast á skoðunum og viðhalda þekkingu meðal starfsmanna sjóðanna.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkra af helstu starfspáttum LL frá síðasta aðalfundi:

- starfsnefndir og viðfangsefni þeirra;
- Opnun Lífeyrisgáttarinnar, Gott að vita, Opið hús o.fl.;
- fundi, ráðstefnur og aðra atburði sem LL hefur staðið fyrir eða komið að frá síðasta ársfundi;
- erlend samskipti.

STARFSNEFNDIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Starfsemi LL fer að miklu leyti fram í starfshópum sem settir eru á laggirnar vegna ákveðinna mála sem varða starfsumhverfi og starfsemi lífeyrissjóða með einum eða öðrum hætti. Fjórar fastanefndir eru skipaðar af stjórn til eins árs í senn. Viðfangsefni þeirra spanna helstu svið sem hlutverk LL nær yfir. Auk þeirra er ætíð að störfum fjöldi vinnuhópa um afmörkuð viðfangsefni. Í nefndir og vinnuhópa á vegum LL veljast stjórnarmenn og starfsmenn lífeyrissjóða, auk þess sem stöku sinnum er leitað til utanaðkomandi sérfræðinga. Með þessu vinnulagi leggjast sjóðirnir á eitt og nýta sameiginlega krafta sína. Árangur af starfinu nýtist sem eins konar sameign allra lífeyrissjóða sem ætluð er til eflingar á lífeyrissjóðakerfinu sem heild. Starfsmenn lífeyrissjóða sem komið hafa með beinum eða óbeinum hætti að verkefnum á vegum samtakanna skipta tugum. Nokkur fjöldi einstaklinga hefur einnig komið að skipulagningu og haldið fræðslufundi og kynningar á vegum samtakanna.



Frá vinnufundi eign- og áhættustýringarnefndar.



Fundur réttindanefndar þar sem Auður Hanna Guðmundsdóttir lögfræðingur og Kristján Geir Pétursson hdl. mættu og gerðu grein fyrir athugunum sínum.

Eigna- og áhættustýringarnefnd

Helstu verkefni

- Semja og viðhalda leiðarvísi að góðum venjum um eigna- og áhættustýringu fyrir lífeyrissjóði.
- Yfirfara lög og reglur um eignastýringu lífeyrissjóða og starfsumhverfi. Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri er við koma breytingum á lögum og reglum um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.
- Skipuleggja námskeið og fræðslu fyrir lífeyrissjóði um eigna- og áhættustýringu.

Eigna- og áhættustýringarnefnd er þannig skipuð:

Ólafur Sigurðsson, formaður, Stöfum lífeyrissjóði
 Auður Finnbogadóttir, Lífeyrissjóði verkfræðinga
 Baldur Vilhjálmsson, LSR/LH
 Davíð Rúðólfsson, Gildi lífeyrissjóði
 Helga Indriðadóttir, Almenna lífeyrissjóðnum
 Kári Arnór Kárason, Stapa lífeyrissjóði
 Marinó Örn Tryggvason, Arion banka
 Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Formaður nefndarinnar, Ólafur Sigurðsson, var skipaður af fjármála- og efnahagsráðuneytinu í nefnd sem falið var það verkefni að endurskoða ákvæði laga um fjárfestingarheimildir sjóðanna. Auk Ólafs eru í nefndinni Gylfi Magnússon, formaður, Lilja Sturludóttir, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Valgerður Rún Benediktisdóttir, tilnefnd af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, Lúðvík Eliásson, tilnefndur af Seðlabanka Íslands og Sara Sigurðardóttir, tilnefnd af Fjármálaeftirlitinu. Endanlegar tillögur frá nefndinni liggja ekki fyrir, en sökum gjalddeyrishafta hefur verið ákveðið að fara ekki í heildarendurskoðun á lögnum að svo stöddu.

Eigna- og áhættustýringarnefndin hefur haldið 5 fundi á starfsárinu, en þar á meðal var heils dags vinnufundur þar sem áherslan var á skipulagningu á aðkomu nefndarinnar að endurskoðun á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða. Fjármálaeftirlitið setti fram ákveðnar tillögur um breytingar á lögnum sem ræddar voru á fundi með fulltrúum úr nefndinni. Einnig hefur Kauphöllin haft frumkvæði að því að koma tillögum á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sem ætlað er að liðka fyrir fjárfestingum lífeyrissjóða. Tillögurnar sem nú bíða afgreiðslu þingsins varða heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í verðbréfum sem skráð eru á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) til jafns við verðbréf sem skráð eru á skipulegan markað.

Á haustmánuðum barst LL beiðni frá sérfræðingahópi stjórnvalda um afnám verðtryggingar af neytendalánnum um að fá fulltrúa lífeyrissjóða á sinn fund. Eigna- og áhættustýringarnefndin tók málið til umræðu og töldu fulltrúar nefndarinnar mikilvægt að sjóðfélagar ættu val, það styrki samkeppni og sé þar með til hagsbóta fyrir neytendur. Sérfræðingahópurinn skilaði skýrslu í janúar 2014 og var hún tekin til ítarlegrar umræðu í nefndinni. Var það mat nefndarinnar að ekki væri tilefni til að tjá sig um tillögur starfshópsins að svo stöddu. Eigna- og áhættustýringarnefnd hefur að auki komið að ýmsum fræðslufundum og málþingum í samstarfi við samskiptanefnd og fræðslunefnd LL. Þannig hefur formaður nefndarinnar tekið að sér fundarstjórn á fjölmörgum fundum sem haldnir hafa verið á vegum samtakanna og varða fræðslu um fjárfestingar lífeyrissjóða með einum eða öðrum hætti.

Réttindanefnd

Helstu verkefni

- Yfirfara og hafa frumkvæði að breytingum á lögum og reglum um tryggingafræðileg uppgjör og réttindabreytingar.
- Beita sér fyrir stefnumörkun um framtíðarskipan örorkulífeyrisgreiðslna og verkaskiptingu lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar.

Réttindanefnd er þannig skipuð:

Þorbjörn Guðmundsson, formaður, Sameinaða lífeyrissjóðnum
Friðbert Traustason, Lífeyrissjóði bankamanna
Gylfi Jónasson, Festu lífeyrissjóði
Ólafur K. Ólafsson, Lífeyrissjóði bænda
Sigríður Ómarsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum
Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR/LH

Á vegum nefndarinnar hefur á starfsárinu verið unnið að nokkrum verkefnum og hefur í tengslum við þau m.a. verið leitað liðsinnis Stefáns Halldórssonar og Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings.

Nefndin hefur haldið átta fundi á starfstímanum, auk fjölda funda sem formaður nefndarinnar hefur átt með fulltrúum stjórnvalda vegna samkomulags um víxlverkun á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða. Hér skal getið helstu verkefna sem unnin hafa verið á vegum nefndarinnar:

Samkomulag um víxlverkanir greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða

Um síðustu áramót féll úr gildi samkomulag um víxlverkanir á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða sem í gildi hafði verið frá því í desember 2010. Markmið samkomulagsins var að koma í veg fyrir víxlverkanir og tekjurýrnun lífeyrisþega af þeirra völdum næstu þrjú árin eða til ársloka 2013. Á þessum tíma átti að vera búið að finna viðvarandi lausn til framtíðar. Þar sem endanleg lausn lá ekki fyrir ákvað stjórn LL að framkvæmdastjóri LL og formaður réttindanefndar ættu fund með félags- og húsnæðismálaráðherra og var slíkur fundur haldinn þann 21. nóvember 2013. Í kjölfarið skipaði ráðherra starfshóp til að greina stöðu málsins. Í starfshópnum voru:

Þorsteinn Magnússon, framkvæmdastjóri og varapingmaður
Ágúst Þór Sigurðsson, velferðarráðuneyti
Sigurður Grétarsson, Tryggingastofnun ríkisins
Sigurður Guðmundsson, fjármála- og efnahagsráðuneyti
Frá LL voru Þorbjörn Guðmundsson og Þórey S. Þórðardóttir, en einnig komu þeir Árni Guðmundsson og Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur, að vinnu starfshópsins.

Haldnir voru samtals 10 fundir í starfshópnum og var skýrslu skilað til ráðherra, dags. 21. febrúar 2014. Í skýrslunni voru settar fram sex mögulegar leiðir og rakin áhrif þeirra á ríkissjóð, lífeyrissjóði og lífeyrisþegana. Málið er nú á borði ráðherra og liggur ekki enn fyrir hvernig málinu mun lykta.

Í vinnu starfshópsins komu til umræðu áhrif nýlegra breytinga á lögum um almannatryggingar sem kveða á um að umsækjendur sem hafa áunnið sér rétt í skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum skuli leggja fram umsókn um áunnin réttindi og að Tryggingastofnun sé heimilt að fresta ákvörðun og greiðslu bóta þar til þær upplýsingar liggja fyrir. Fulltrúar LL í starfshópnum vöktu athygli á því að það hvernig þetta ákvæði yrði framkvæmt kynni að hafa veruleg áhrif á víxlverkun greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða. Aðilar starfshópsins voru sammála um mikilvægi

Þess að við framkvæmd ákvæðisins verði samvinna milli Tryggingastofnunar og lífeyrissjóðanna. Starfshópurinn lagði því til að hafin yrði vinna þessara aðila að samkomulagi um verklag og hafði LL frumkvæði að skipun vinnuhóps. Í honum eru eftirtaldir:

Fulltrúar lífeyrissjóða:

Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR/LH

Fulltrúar TR:

Ragna Haraldsdóttir
Anna Elísabet Sæmundsdóttir
Margrét Jónsdóttir

Starfshópurinn setti fram drög að samkomulagi um verklag og var það kynnt á fjölmennum fundi sem haldinn var með fulltrúum lífeyrissjóða þann 3. apríl 2014. Á þeim fundi komu fram gagnlegar ábendingar sem síðar voru bornar undir fulltrúa Tryggingastofnunar í vinnuhópnum. Endanlegt samkomulag var frágengið og undirritað þann 6. maí sl.

Starfandi er ráðherraskipuð nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða almannatryggingalöggjöfina. Nefndin er undir forystu Péturs H. Blöndal, alþingismanns, og hefur réttindanefnd lagt áherslu á að fylgjast vel með vinnu þessarar nefndar. Hefur Pétur komið á fund réttindanefndar og gert grein fyrir stöðunni.

Á starfsárinu 2012–2013 var mikil vinna unnin á vegum réttindanefndar er við kom mögulegum breytingum á þremur lykilþáttum sem varða tryggingafræðilegt uppgjör lífeyrissjóðanna: Ávöxtunarviðmiði, lífeyristökualdri og verðtryggingu réttinda. Ákveðið var að biðja með frekari stefnumótunarvinnu um þessa þætti meðan enn er að störfum ráðherraskipuð nefnd sem hefur haft það að markmiði að endurskoða og samræma íslenska lífeyriskerfið. Staðan á þessu mikilvæga máli verður þó metin með reglubundnum hætti.

Landssamtökin tóku að sér síðsumars 2013, með samningi við Fjármálaeftirlitið, að framkvæma íslenskan hluta fjölpjóðlegrar rannsóknar OECD á nægjanleika lífeyrissparnaðar (Retirement Savings Adequacy). Rannsóknin beinist að aldurshópnum 35–64 ára og ber áætlaðan lífeyri saman við ýmis framfærsluviðmiði. Í samanburðinum er tekið mið af lífeyri frá almannatryggingum, samtryggingardeildum lífeyrissjóða og séreignarsparnaði. Einnig eru metin áhrif þess að eiga íbúðarhúsnæði í stað þess að leigja. Niðurstöður verða flokkaðar eftir aldurshópum (5 ára aldursbil), kyni og tekjubili (lægstu 20%, miðtekjur, hæstu 20%).

Evrópusambandið auglýsti styrki til Evrópuríkja sem vildu taka þátt í rannsókninni. Fjármálaeftirlitið sótti um og var Ísland eitt 8 ríkja sem fékk styrk. Fjárhæðin er 109.280 evrur sem nemur 80% af kostnaðaráætlun. Landssamtökin bera 20% kostnaðar við rannsóknina.

Landssamtökin sömdu við Bjarna Guðmundsson, tryggingastærðfræðing, um að annast gerð reiknilíkans, samkeyrslu gagna frá lífeyrissjóðum, vörsluáðilum séreignarsparnaðar og ríkisskattstjóra og útreikningum fyrir rannsóknina. Stefán Halldórsson er verkefnisstjóri af hálfu LL og Björn Z. Ásgrímsson hefur yfirumsjón með verkefninu fyrir hönd FME og styrkveitanda. Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, og Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, hafa faglegt eftirlit, ásamt Stefáni Halldórssyni, með útreikningum og skýrslugerð.

Tryggingafræðilegt uppgjör og réttindabreytingar

Alþjóðleg sam- burðarrannsókn



Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur.



Matthildur Hermannsdóttir,
Jóhanna Ólafsdóttir og
Hrafn Magnússon.

Nokkur álitaeefni

Upphaflega var stefnt að því að ljúka rannsókninni fyrir 1. júní 2014, en þar sem dráttur varð á öflun leyfa til gagnavinnslu í þágu rannsóknarinnar hefur lokaskilum verið frestað til 1. október 2014.

Gagnavinnsla hófst í lok apríl 2014 og er stefnt að því að kynna bráðabirgðaniðurstöður fyrir hagsmunaaðilum fyrri hluta sumars. Einkum verður sjónum beint að því hvort einhverjir hópar standa höllum fæti, s.s. vegna lágra tekna eða fjarveru af vinnumarkaði. Kallað verður eftir umsögnum hagsmunaaðila og tillögum til úrbóta síðsumars.

Öll gögn eru afhent ópersónugreinanleg til rannsóknarinnar og þeim verður öllum eytt að rannsókninni lokinni. Hins vegar hefur vinnan við undirbúning rannsóknarinnar og gagnavinnslnnar skilað gagnlegri reynslu og þekkingu sem nýtast mun við frekari rannsóknir á lífeyrissparnaði á Íslandi. Fyrirætlunum um stofnun sérstaks lífeyrisgagnagrunns samhliða OECD-rannsókninni var slegið á frest þar sem þær kölluðu á lagabreytingar, en hugað verður að því verkefni á nýjan leik að þessari rannsókn lokinni.

Inn á borð réttindanefndar hafa komið nokkur mál sem varða lífeyrisgreiðslur frá sjóðunum. Er þar helst að nefna hver sé réttur móttakandi barnalífeyris þegar barn hefur ekki sama lögheimili og sjóðfélagi sem fær greiðslu örorkulífeyris. Leitað var til Auðar H. Guðmundsdóttur, lögfræðings, um gerð álitserðar. Hún mætti á fund réttindanefndar þann 5. maí sl. og gerði grein fyrir niðurstöðum sínum.

Á árinu 2003 var gerður samningur við nokkra trúnaðarlækna um gerð örorkumats og er til athugunar hvort sá samningur þurfi breytinga við, einkum vegna aukinnar áherslu á starfsendurhæfingu með tilkomu Virk starfsendurhæfingarsjóðs. Einnig hafa vaknað áleitnar spurningar um réttarstöðu sjóðfélaga sem sættir sig ekki við fyrirbyggjandi örorkumat. Mál þessi eru í nánari skoðun á vegum réttindanefndar og hefur Kristján Geir Pétursson, lögmaður Sameinaða lífeyrissjóðsins, gert grunnathugun á málinu. Hann mætti á fund réttindanefndar þann 5. maí sl. og gerði grein fyrir athugunum sínum. Tilögur réttindanefndar um þetta mál liggja ekki fyrir.

Meðferð persónuupplýsinga

Settur var á laggirnar vinnuhópur til að endurskoða leiðbeinandi reglur er varða meðferð á persónuupplýsingum hjá lífeyrissjóðum.

Vinnuhópurinn skipa:

Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða
Ólafur Haukur Jónsson, Sameinaða lífeyrissjóðnum
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR/LH
Þórey S. Þórðardóttir, LL

Nefndin hefur unnið verkið í samstarfi við fulltrúa frá Persónuvernd og er stefnt að því að fyrir liggja leiðbeinandi viðmiðunarreglur fyrir lífeyrissjóði um málefnið um mitt ár 2014.

Samskiptanefnd

Helstu verkefni

- Annast samskipti við fjölmiðla og fjölmiðlavöktun.
- Annast samskipti við stjórnvöld og þingnefndir.

Samskiptanefnd er þannig skipuð:

Gunnar Baldvinsson, formaður, Almenna lífeyrissjóðnum
Arnar Sigurmundsson, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja
Árni Guðmundsson, Gildi lífeyrissjóði
Guðmundur Þórhallsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Haukur Hafsteinsson, LSR/LH

Heiðrún Jónsdóttir, Gildi lífeyrissjóði
Þórey S. Þórðardóttir, LL
Þórhallur Jóseppson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Hlutverk samskiptanefndar er einkum að hafa yfirsýn yfir umfjöllun um lífeyrissjóði í samfélaginu hverju sinni og einnig að leita leiða til að upplýsa fjölmiðla um viðfangsefni og starfsemi lífeyrissjóða og hlutverk þeirra í samfélaginu.

Nefndin hefur haldið átta fundi á starfsárinu. Á þeim fundum er einkum rýnd fjölmiðlaumræðan hverju sinni og metið hvort tilefni sé til viðbragða af hálfu sjóðanna. Á milli funda eru nefndarmenn alltaf á vaktinni og fylgjast vel með fjölmiðlaumfjöllun um lífeyrissjóðina og er brugðist við sé þess talin þörf. Nefndin hefur staðið fyrir greinaskrifum um lífeyrismál og hefur einkum formaður nefndarinnar verið afar afkastamikill við skriftir á starfsárinu. Á vegum nefndarinnar hafa einnig verið haldnir ýmsir fundir og kynningar. Af sérstökum verkefnum samskiptanefndar má nefna eftirfarandi:

Mánaðarpóstur LL

Í ársbyrjun 2013 var að frumkvæði nefndarinnar hafin útsending á sérstökum mánaðarpóstum. Þeir eru sendir á alla starfsmenn og stjórnarmenn og einnig til annarra forsvarsmanna sem tengjast starfi lífeyrissjóða.

Vefflugan



Samstarf hefur verið milli fræðslunefndar og samskiptanefndar á árinu og var starfandi á þeirra vegum sérstakur viðburðahópur sem skipulagði m.a. kynningarátak haustið 2013. Á vegum viðburðarhóps var settur á laggirnar vinnuhópur til að móta tillögu að kynningarblaði um lífeyrissjóðakerfið. Í þeim hópi eru:

Atli Rúnar Halldórsson, Athygli
Gerður Björk Guðjónsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Þórdís Hadda Yngvadóttir, LSS
Þórhallur B. Jóseppson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Afrakstur þessarar vinnu var útgáfa á rafrænu fréttabréfi sem fékk nafnið Vefflugan og hófst hún til flugs í fyrsta skipti þann 19. mars 2014. Samskiptanefnd stóð fyrir hádegisþjalli með fjölmiðlafólki sama dag og fékk Vefflugan af þeim sökum nokkra umfjöllun fjölmiðla.

Atli Rúnar Halldórsson ritstýrði blaðinu og hefur verið ákveðið að næsta blað komi út með haustinu. Þess er óskað að lífeyrissjóðirnir verði duglegir að koma blaðinu á framfæri og er heimasíða ritsins vefflugan.is. Þar er hægt að skrá sig í áskrift fyrir þá sem þess óska.

Hagtöluhópur

Á vegum samskiptanefndar starfar sérstakur vinnuhópur sem tekið hefur saman ítarleg gögn um helstu hagtölur sem tengjast starfsemi lífeyrissjóða:

Í hagtöluhópi eru:

Sara Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða
Þór Egilsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Þórhildur Stefánsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum
Þorkell Sigurgeirsson, LSR/LH

Hópurinn uppfærir árlega á haustmánuðum samantekt sína á hinum ýmsu hagtölum. Gögnin gefa mikilvæga yfirsýn yfir hagstærðir og hlutverk lífeyrissjóða í íslensku hagkerfi og upplýsa um þróun ávöxtunar og greiðslna lífeyris til sjóðfélaga. Hagtölurnar eru aðgengilegar á vefnum www.ll.is.



Kristín Gísladóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna, tekur við viðurkenningu fyrir nafngiftina Lífeyrisgáttin.



Tómas N. Möller, Sigurbjörn Sigurbjörnsson og Svana Helen Björnsdóttir.



Haraldur Yngvi Pétursson heldur erindi á ráðstefnu.

Lífeyrisgáttin

Fræðslunefnd

Helstu verkefni

- Móta stefnu í sameiginlegum kynningarmálum um lífeyrissjóðina.
- Vinna að kynningarefni um lífeyriskerfið.
- Efla og viðhalda fræðslusíðu LL.
- Efla umræðu meðal lífeyrissjóða um upplýsingagjöf.
- Skipuleggja og hafa frumkvæði að námskeiðahaldi og almennri fræðslu fyrir lífeyrissjóði.

Fræðslunefnd er þannig skipuð:

Arnaldur Loftsson, formaður, Frjálsa lífeyrissjóðnum
Guðrún Guðmannsdóttir, Lífeyrissjóði Vestfirðinga
Ásgerður Pálsdóttir, Stapa lífeyrissjóði
Ágústa Gísladóttir, LSR/LH
Jón G. Kristjánsson, LSS
Kristján Örn Sigurðsson, Sameinaða lífeyrissjóðnum
Soffía Gunnardóttir, Stöfum lífeyrissjóði

Nefndin hefur haldið alls 8 fundi á starfsárinu. Helstu viðfangsefni fræðslunefndar eru að gera tillögur um og fylgja eftir verkefnum sem lúta að fræðslumálum fyrir lífeyrissjóðina, bæði er varða innri starfsemi þeirra og upplýsingar til sjóðfélaga. Stjórn LL lagði til að skipaður yrði sérstakur viðburðarhópur sem annaðist skipulagningu á sameiginlegu kynningarátaki lífeyrissjóðanna haustið 2013. Þetta verkefni var unnið í samstarfi fræðslunefndar og samskiptanefndar.

Fulltrúar í viðburðarhópi eru:

Arnaldur Loftsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum
Ágústa Gísladóttir, LSR/LH
Árni Guðmundsson, Gildi lífeyrissjóði
Þórhallur Jóseppson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Fleiri aðilar komu að starfi viðburðarhópsins og má þar einkum nefna Gunnar Baldvinsson, formann, Þórdísi Höddu Yngvadóttur, LSS, og Gerði Björk Guðjónsdóttur, Lífeyrissjóði verzlunarmanna, auk þess sem leitað var til Atla Rúnars Halldórssonar hjá Athygli.

Viðburðarhópurinn vann viðburðaráætlun sem náði hámarki haustið 2013 og stóð þar upp úr fagnaðarfundur sem haldinn var þann 29. október á Grand hóteli Reykjavík.

Hér er getið stærstu verkefna á vegum fræðslunefndar sem unnin voru á starfsárinu, en jafnframt hefur nefndin staðið að ýmsum fræðslufundum, sbr. síðari upptalningu á fundum og erindum sem haldin hafa verið á vegum LL. Þar ber þó hæst alþjóðlega ráðstefnu sem fram fór þann 28. febrúar í góðu samstarfi við Fjármálaeftirlitið.

Á fagnaðarfundi, 29. október 2013, var Lífeyrisgáttin formlega opnuð. Með tilkomu gáttarinnar geta sjóðfélagar nálgast upplýsingar um öll lífeyrisréttindi sín frá upphafi í samtryggingarsjóðum. Lífeyrisgáttin gekk lengi vel undir vinnuheitinu Réttindabók. Haldin var nafnasamkeppni meðal starfsmanna lífeyrissjóða. Samtals bárust 103 tillögur. Kristín Gísladóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna, ber heiðurinn af nafngiftinni Lífeyrisgáttin.



Frá vel sóttum fræðslufundi um greiðslur almennatrygginga og samspil þeirra við aðrar tekjur.

Gott að vita – andlitslyfting



Lífeyrisgáttin fékk góðar móttökur og vöknudu strax spurningar um hvort ganga ætti lengra og vinna að uppfærslu gáttarinnar. Eftirfarandi aðilar fengu því það verkefni að rýna frekari þarfir:

Arnaldur Loftsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum
 Ágústa Gísladóttir, LSR/LH
 Haraldur Arason, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
 Kristján Örn Sigurðsson, Sameinaða lífeyrissjóðnum
 Sigríður Ómarsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum
 Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda
 Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR/LH

Rýnihópurinn sendi fyrirspurnir til lífeyrissjóðanna um það sem starfsmenn og sjóðfélagar teldu að betur mætti fara. Talsvert barst af ábendingum og hafa þær verið greindar nánar af tæknimönnum. Endanleg ákvörðun um næstu útgáfu af Lífeyrisgáttinni liggur þó ekki fyrir.

Á vegum viðburðarhóps var ákveðið að lífeyrissjóðirnir stæðu sameiginlega að Opnu húsi þann 5. nóvember 2013 þar sem sjóðfélögum var boðið í heimsókn til að fá upplýsingar um lífeyrisréttindi og Lífeyrisgáttin var kynnt.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa í nokkur ár haldið úti vefsíðunni www.gottadvita.is. Ákveðið var að blása nýju lífi í fræðslusíðuna. Af því tilefni setti fræðslunefnd LL á laggirnar vinnuhóp til að koma því verki í framkvæmd. Lögð var áhersla á að vefurinn gæti vakið athygli yngri kynslóðarinnar auk þess að svara helstu spurningum sem upp koma um lífeyrismál almennt. Eftir stefnumótun verksins var samið við Athygli um framkvæmd, auk þess sem leitað var til fyrirtækisins Verðandi um forritun og grafíska hönnun síðunnar. Uppfærður vefur var formlega opnaður á fagnaðarfundum sem haldinn var með stjórn og starfsmönnum lífeyrissjóða á Grand hóteli þann 29. október 2013.

Í vinnuhópnum um endurgerð á fræðsluvefnum www.gottadvita.is voru:

Ágústa H. Gísladóttir, LSR/LH
 Ólafur Haukur Jónsson, Sameinaða lífeyrissjóðnum
 Sigurður Albert Ármannsson, LL
 Þórhallur B. Jósepsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
 Þórhildur Stefánsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum

Á Gott að vita vefnum er nú unnt að birta auglýsingar um fræðslufundi og aðra viðburði á vegum lífeyrissjóða. Fræðslunefnd hvetur lífeyrissjóði til að nýta sér þetta með því að senda póst á ll@ll.is.

Heimasíða samtakanna var uppfærð á starfsárinu og fékk nýtt útlit. Efnisbreytingar eru óverulegar, en þó má nefna að umsagnir sem skilað er á vegum LL eru nú birtar á síðunni. Einnig eru ýmsir atburðir á vegum LL auglýstir á forsíðunni undir fyrirsögninni Viðburðir.

Úrskurðar- og umsagnarnefnd

Samkvæmt 10. gr. Samkomulags um samskipti lífeyrissjóða ber Landssamtökum lífeyrissjóða að skipa í úrskurðar- og umsagnarnefnd. Ákvæðið er svohljóðandi:

Skipa skal þriggja manna úrskurðar- og umsagnarnefnd til að fjalla um mál, er varða framkvæmd samkomulags þessa. Landssamtök lífeyrissjóða skipa nefndarmenn þessa ásamt þremur mönnum til vara til fjögurra ára í senn.

Á fundi stjórnar LL þann 21. ágúst 2012 var skipað í úrskurðarnefndina til næstu fjögurra ára.

*Aðalmenn:*

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, formaður, LSR/LH
Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Örn Guðnason, Gildi lífeyrissjóði

Varamenn:

Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda
Sigprúður Jónasdóttir, Sameinaða lífeyrissjóðnum
Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Ekkert mál kom til kasta nefndarinnar á starfsárinu og ætla má að það teljist frekar af hinu góða.

Aðrir vinnuhópar og starfsnefndir

Á hverjum tíma er leitað til fjölhæfs mannauðs sem starfar hjá lífeyrissjóðunum til að vinna ýmis verkefni. Hér er verður getið nokkurra vinnuhópa.

Reglur um varnir gegn peningaþvætti

Lífeyrissjóðum ber að setja sér reglur um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og var ákveðið að setja á fót vinnuhóp til að semja leiðbeinandi reglur í því sambandi.

Í vinnuhópnum voru:

Auður Finnbogadóttir, Lífeyrissjóði verkfræðinga
Elísabet Þórey Þórisdóttir, LSR/LH
Sigríður Ómarsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum
Viktor Guðmundsson, Stöfum lífeyrissjóði
Þórey S. Þórðardóttir, LL

Hópurinn samdi drög að reglum sem send voru Fjármálaeftirlitinu til umsagnar. Að fengnum athugasemdum voru leiðbeinandi reglur til stuðnings fyrir lífeyrissjóði um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sendar til sjóðanna í október 2013. Þann 6. mars var haldið námskeið í samstarfi við Lagastofnun HÍ um efnið og var Logi Kjartansson cand. juris. leiðbeinandi. Jafnframt mætti á fundinn fulltrúi frá Fjármálaeftirlitinu, en það er gagnlegt að fá fram þeirra sjónarmið til að tryggja réttan skilning á framkvæmdinni.

Markaðsskilmálar

Vinnuhópur var settur á fót til að yfirfara almenna skilmála fyrir viðskipti með fjármála- gæringa milli lífeyrissjóða og fjármálafyrirtækja. Verkefni hópsins er einkum að koma með tillögur um hvað betur megir fara og hvaða kröfur lífeyrissjóðir eigi að lágmarki að gera til slíkra skilmála.

Í vinnuhópnum eru:

Kristjana Sigurðardóttir, formaður, Almenna lífeyrissjóðnum
Anna María Ágústsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Auður Finnbogadóttir, Lífeyrissjóði verkfræðinga
Elísabet Þórey Þórisdóttir, LSR/LH
Guðrún Inga Ingólfssdóttir, Gildi lífeyrissjóði

Var leitað til Aðalsteins Jónassonar hrl. til að semja drög að skilmálum sem unnt væri að styðjast við. Efasemdir vöknudu um heimildir fyrir lífeyrissjóði til að vinna að þessu máli í sameiningu á vettvangi LL vegna samkeppnissjónarmiða. Af þeim sökum var í júní 2013 lögð fram beiðni um undanþágu til Samkeppniseftirlitsins. Leitað var liðsinnis Heiðrúnar Lindar Marteinsdóttur hdl. sem sérfræðings í samkeppnisrétti. Eftir allnokkrar bréfa-



Vinnuhópurinn að störfum.

skriftir við Samkeppniseftirlitið liggur nú fyrir að vart fást undanþáguheimildir í þessum efnum.

Fjármálaeftirlitið hefur um nokkurn tíma unnið að endurskoðun á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000. Af þeim sökum var m.a. haldinn fundur með fulltrúum FME þann 30. október 2013 og kom þar fram að áfram yrði leitað eftir sjónarmiðum lífeyrissjóða við endurskoðun reglnanna. Á vegum LL var settur á laggirnar vinnuhópur.

Í vinnuhópnum eru:

Sæmundur Valdimarsson, KPMG
Kári Arnór Kárason, Stapa lífeyrissjóði
Guðmundur Þór Þórhallsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Haraldur Yngvi Pétursson, Arion banka
Baldur Þór Vilhjálmsson, LSR/LH

Hópurinn skilaði ítarlegri greinargerð til FME um málið, dags. 22. nóvember 2013. Eftirlitið sendi LL drög að reglum um ársreikninga lífeyrissjóða til umsagnar skömmu fyrir páska eða þann 8. apríl 2014. Hópurinn vann að umsögn um drögin sem send voru eftirlitinu um miðjan maí. Því verður vart langt að bíða þar til nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða líta dagsins ljós.

Lög um neytendalán

Ný lög um neytendalán nr. 33/2013 tóku gildi þann 1. nóvember 2013. Haldinn var kynningarfundur þann 26. júní 2013 þar sem Guðmundur Kári Kárason, lögfræðingur í innanríkisráðuneytinu, fór yfir helstu atriði laganna. Samkvæmt lögunum bar ráðuneytinu að setja reglugerð um láns hæfis- og greiðslumat og voru drög send LL til umsagnar. Var settur af stað vinnuhópur til að yfirfara drögin og koma ábendingum á framfæri.

Í vinnuhópnum voru:

Bjarney Sigurðardóttir, Gildi
Daníel Arason, Almenna lífeyrissjóðnum
Elísabet Þórey Þórisdóttir, LSR/LH
Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Hópurinn vann ítarlegar umsagnir um reglugerðardrögin. Eftir birtingu reglugerðar um láns hæfis- og greiðslumat nr. 920/2013 þótti enn margt óljóst. Var því haldinn fundur með fulltrúum lífeyrissjóða þann 25. nóvember 2013 til að skiptast á skoðunum.



Frá hádegisfundi stjórnar LL með framkvæmdastjórum sjóðanna.

FUNDIR, RÁÐSTEFNUR, NÁMSKEIÐ O.FL.

Eftirfarandi eru í tímaröð helstu opnir fundir, ráðstefnur og viðburðir sem fram hafa farið á vettvangi LL frá síðasta aðalfundi:

- 5. – 7. júní 2013** Námskeið til undirbúnings hæfismati FME fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða. Félagsmálasjóli alþýðu hélt námskeiðið í samstarfi við LL.
- 25. júní** Vinnustofa um útfærslur á öryggisáætlunum við rekstur tölvukerfa hjá lífeyrissjóðum. Bjarni Júlíusson, ráðgjafi, var með framsögu og gerði grein fyrir helstu atriðum er varða lífeyrissjóðina. Í framhaldinu var Bjarni fenginn til að semja leiðbeinandi skjöl og reglur, sjóðunum til stuðning. Var þar um að ræða verklagsreglur vegna reksturs upplýsingakerfa, neyðaráætlun og yfirlit verklagsreglna.
- 26. júní** Ný lög um neytendalán nr. 33/2013. Guðmundur Kári Kárasón, lögfræðingur, gerði grein fyrir helstu atriðum laganna er varða sjóðfélagalán.
- 10. september** Stjórn LL bauð framkvæmdastjórum lífeyrissjóða í hádegisspjall. Á fundinum var skipst á skoðunum og farið yfir helstu verkefni og áherslur í starfi LL.
- 14. – 28. september** Námskeið til undirbúnings hæfismati FME fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða. Félagsmálasjóli alþýðu hélt námskeiðið í samstarfi við LL.
- 18. september** Kynning VÍS á ábyrðartryggingu stjórnar og stjórnenda lífeyrissjóða. Elfa Bára Bjarnadóttir mætti af hálfu VÍS og gerði grein fyrir helstu ákvæðum í skilmálum tryggingarinnar.
- 18. september** Fræðslufundur um samkeppnisrétt. Jóna Björk Helgadóttir hdl. fór yfir helstu ákvæði samkeppnislaga sem kunna að varða starfsemi lífeyrissjóða.
- 24. september** Stjórn LL hélt vinnufund þar sem áherslur starfsársins voru mótaðar. Á fundinn mætti Þorsteinn Pálsson, blaðamaður, og ræddi um lífeyriskerfið, mynd sjóðanna, helstu ógnanir og tækifæri. Erindi hans bar yfirskriftina „Menn geta ekki á sama tíma geymt kókuna og borðað hana.“
- 1. október** Hádegisspjall með deildarstjórum/forstöðumönnum lífeyrisdeilda. Á fundinum var farið yfir helstu verkefni sem unnin eru á vegum samtakanna og skipst á skoðunum.
- 21. október** Hádegisspjall með baklandi lífeyrissjóðanna. Á fundinn mættu forystumenn samtaka launafólks og samtaka atvinnurekanda. Farið var yfir helstu verkefni samtakanna og rætt almennt um starfsumhverfi lífeyrissjóðanna.
- 29. október** Fagnaðarfundur var haldinn þar sem starfs- og stjórnarmenn lífeyrissjóða voru boðaðir við formlega opnun á Lífeyrisgáttinni. Gunnar Baldvinsson, formaður LL, ávarpaði samkomuna og Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri, kynnti Lífeyrisgáttina og veitti Kristínu Gísladóttur viðurkenningu fyrir nafngiftina. Dúettinn Davíð Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson sá um léttan söng, glens og grín.
- 5. nóvember** Lífeyrissjóðir stóðu sameiginlega að því að hafa opið hús og buðu sjóðfélögum í heim sókn til að fá upplýsingar um réttindi sín og kynna sér Lífeyrisgáttina.
- 7. nóvember** Ólafur Ísleifsson varði doktorsritgerð sína vorið 2013 um íslenska lífeyriskerfið, „The Icelandic Pension System“. LL boðaði til hádegisfundar þar sem höfundur kynnti helstu áherslur ritgerðarinnar.
- 12. nóvember** Hádegisspjall stjórnar LL með forstöðumönnum eignastýringar/sjóðstjórum. Á fundinum fór formaður stjórnar yfir starf samtakanna og helstu verkefni.
- 13. nóvember** Kynning á hugmyndum stjórnvalda um að nýta greiðslur séreignar til niðurgreiðslu á íbúðalánnum og mögulegum framlengingum á tímabundinni opnun á greiðslum úr viðbótarlífeyrissparnaði. Gunnar Baldvinsson, formaður stjórnar, fór yfir stöðu málsins.

- 15. nóvember** Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, LL og ASÍ stóðu fyrir morgunverðarfundum um stöðu lífeyrissjóða í íslensku atvinnulífi, hluthafastefnu þeirra og mikilvægi góðra stjórnarháttanna og virkrar samkeppni. Framkvæmdastjóri LL hélt opunarávarp, en með framsögu voru Peter Lundkvist, Head of Corporate Governance hjá AP3 lífeyrissjóðnum, Marinó Örn Tryggvason, forstöðumaður eignastýringar Arion Banka, og Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.
- 18. nóvember** Fundur um samstarf VIRK og lífeyrissjóða. Vigdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri VIRK, fór yfir helstu starfsemi starfsendurhæfingarsjóðsins og hvernig unnt væri að þróa frekari samvinnu við lífeyrissjóðina.
- 25. nóvember** Ný lög um neytendalán nr. 33/2013 tóku gildi þann 1. nóvember 2013. Þótti margt óljóst og af þeim sökum var boðað til fundar til að skiptast á skoðunum um málið.
- 3. desember** LL og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins héldu fund um málefnið „Er þörf á nýsköpun í fjárfestingum lífeyrissjóðanna?“ Með framsögu voru Alan MacKay, formaður „LP“ nefndar British Venture Capital Association, sem fjallaði um stefnumótun lífeyrissjóða varðandi fjárfestingu í nýsköpunarsjóðum, og Gunnar Baldvinsson, formaður stjórnar LL, sem flutti erindi undir yfirskriftinni „Eru fjárfestingar í nýsköpun heppilegar fyrir lífeyrissjóði?“
- 16. janúar 2014** Félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði samvinnuhóp um framtíðarskipan húsnæðismála sem hefur það hlutverk að starfa náið með verkefnisstjórn að mótun framtíðarskipulags húsnæðismála. Á vegum samvinnuhópsins voru sett af stað teymi og er Kristjana Sigurðardóttir fulltrúi lífeyrissjóða í teymi um fjármögnun húsnæðismála. Kristjana og Gylfi Arnbjörnsson mættu á fundinn og gerðu grein fyrir stöðu málsins.
- 21. janúar** Morgunverðarfundur með nokkrum aðilum úr baklandi lífeyrissjóðanna. Á fundinum var farið yfir helstu mál á döfinni, s.s. samkomulag um víxlverkun greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða, stöðuna á starfsendurhæfingu og tryggingafræðilega stöðu sjóðanna.
- 29. janúar** Efnt var til hádegisfundar um horfur á árinu 2014. Á fundinn mætti Yngvi Harðarson, hagfræðingur og framkvæmdastjóri Analytica, og fór yfir horfur fyrir árið 2014, verðbólgu og verðbréfamarkaði. Eftir framsögu spunnust talsverðar umræður. Ólafur Sigurðsson, formaður eigna- og áhættustýringarnefndar stýrði fundi.
- 11. febrúar** Stjórn LL bauð þingmönnum í hádegisspjall. Gunnar Baldvinsson, formaður stjórnar LL, fór yfir ýmsar tölur er varða lífeyrissjóðina og samspil þeirra við almannatryggingar. Eftir framsögu var fyrirspurnum svarað.
- 11. febrúar** Réttindanefnd LL stóð fyrir kynningarfundum um vinnu nefndar um endurskoðun almannatrygginga. Pétur Blöndal, alþingismaður og formaður nefndarinnar, fór yfir stöðuna á vinnu nefndarinnar.
- 12. febrúar** Haldinn var fundur með framkvæmdastjórum og formönnum stjórna sjóðanna um hluthafastefnur og aðkoma lífeyrissjóða að stjórnun fyrirtækja. Fulltrúar frá Gildi (Heiðrún Jónsdóttir), Lífeyrissjóði verzlunarmanna (Helgi Magnússon) og LSR (Haukur Hafsteins-son) voru með framsögu og spunnust fjörugar umræður. Ólafur Sigurðsson, formaður eigna- og áhættustýringarnefndar, stýrði fundi.
- 26. febrúar** Fræðagarður, stéttarfélag, leitaði til LL um almenna fræðslu um lífeyrissmál. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri, mætti á hádegisfund og var með fræðsluerindi sem bar yfirskriftina, „Lífeyrisréttindi – að hverju þarf að huga?“
- 28. febrúar** Fjármálaeftirlitið og Landssamtök lífeyrissjóða ásamt Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila lífeyrissjóða (IOPS) og Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila vátryggingafélaga (IAIS) efndu til alþjóðlegrar ráðstefnu undir yfirskriftinni „Regulatory and Supervisory Challenges for the Icelandic Pension Industry“. Ráðstefnan var fjölsótt og fór fram í Súlnasal Radisson BLU Hótel Sögu.



- 4. mars** Investment Pension Europe hélt kynningu á PFPP „Pension Fund Perception Programme“ sem er gagnagrunnur um eignastýringarfyrirtæki og byggður á upplýsingum frá lífeyrissjóðum.
- 6. mars** Námskeið um varnir gegn peningaþvætti, haldið í samstarfi við Lagastofnun HÍ. Leiðbeinandi var Logi Kjartansson cand. juris.
- 13. mars** Fundur um starfsemi VIRK og fjármögnun. Á fundinum var Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK, með framsögu en auk hennar mættu Gylfi Arnbjörnsson, formaður stjórnar VIRK, og Hannes Sigurðsson, varaformaður.
- 13. mars** Kynning á vinnu ríkisstjórnarinnar við útfærslu á höfuðstólslækkun verðtryggðra lána. Agni Ásgeirsson hefur annast þessa vinnu fyrir hönd lífeyrissjóðanna og kynnti hann stöðu málsins.
- 13. mars** Haldin var kynning á stöðunni á áformum ríkissjórnarinnar að heimila niðurgreiðslu á verðtryggðum íbúðalánum með viðbótarlífeyrissparnaði. Arnaldur Loftsson hefur annast þessa vinnu sem fulltrúi lífeyrissjóðanna og gerði hann ásamt Snædís Ögn Flosadóttur grein fyrir stöðu málsins.
- 19. mars** Hádegisspjall stjórnarmanna LL með fulltrúum fjölmiðla. Á fundinum var farið yfir ýmsar hagtölur sem varða lífeyrissjóðakerfið og spurningum fjölmiðlafólks svarað.
- 21. mars** Málþing um fjárfestingar lífeyrissjóða í atvinnulífínu undir yfyrskriftinni, „Lífeyrissjóðir, nýsköpun og hagvöxtur“. Framsögumaður á fundinum var Frosti Sigurjónsson, alþingismaður og formaður efnahags- og viðskiptanefndar.
- 25. mars** Yngvi Harðarson, framkvæmdastjóri Analytica, og Svanbjörn Thoroddssen, KPMG, kynntu skýrslu um framtíðarskipan húsnæðismála fyrir stjórn og eigna- og áhættustýringarnefnd LL.
- 31. mars** Hádegisfundur á vegum Rótaryklúbbs Garða þar sem Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, hélt fræðsluerindi um lífeyrissjóðakerfið.
- 3. apríl** Fundur þar sem farið var yfir vinnu við samkomulag lífeyrissjóða við Tryggingastofnun ríkisins vegna framkvæmdar á afgreiðslu lífeyris eftir breytingar á almannatryggingalögum sem gera kröfu um að aðilar leggi inn umsókn um lífeyri úr skyldubundnum lífeyrissjóðum áður en unnt er að afgreiða umsóknir úr almannatryggingum.
- 4. apríl** Kynning á frumvarpi um séreignarsparnað til niðurgreiðslu á íbúðalánum. Arnaldur Loftsson hefur annast þessa vinnu sem fulltrúi lífeyrissjóðanna og gerði hann ásamt Snædís Ösp Flosadóttur grein fyrir helstu atriðum frumvarpsins og því sem huga þurfi að í tæknimálum til að framkvæma aðgerðirnar.
- 11. apríl** LL hélt morgunverðarfund um fjárfestingu lífeyrissjóða í nýsköpunarfyrirtækjum í samstarfi við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Með framsögu á fundinum voru tveir fulltrúar frá Nordic Investment Solutions, Erik Johansson og Carl-Peter Mattsson. Þeir röktu með hvaða hætti lífeyrissjóðir á Norðurlöndum koma að fjárfestingum í nýsköpunarfyrirtækjum og hvernig þeir telja að haga skuli aðkomu lífeyrissjóða að slíkum fjárfestingum.
- 6. maí** Námskeið fyrir starfsmenn lífeyrissjóða um greiðslur almannatrygginga og samspil þeirra við aðrar tekjur. Með framsögu voru Sigríður Lilly Baldursdóttir, forstjóri, Margrét Jónsdóttir, Þorgerður Ragnarsdóttir og Anna María Bjarnadóttir.

SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

Landsamtök lífeyrissjóða vilja eiga góð samskipti við stjórnvöld á hverjum tíma. Á vegum samtakanna er unnið að því að koma á framfæri sjónarmiðum er varða hagsmuni lífeyrissjóðanna við stjórnvöld, stofnanir, þingnefndir og sérfræðingahópa sem stjórnvöld hafa skipað. Samtökin hafa sent fulltrúa sína á fundi og skilað inn fjölda umsagna um lagafrumvörp og reglur Fjármálaeftirlitsins er varða lífeyrissjóði á einn eða annan hátt. Umsagnir LL eru birtar á heimasíðu samtakanna.

Fundir með fulltrúum FME

Fulltrúar LL og FME hafa reglulega haldið óformlega fundi til að fara yfir helstu mál-efni er varða verkefni FME og lífeyrissjóðanna. Fundirnir hafa reynst gagnlegir og eru til þess fallnir að efla samskipti milli lífeyrissjóðanna og eftirlitsins. Slíkur fundur var haldinn þann 27. september 2013, en þar var m.a. farið yfir helstu verkefni sem unnin eru á vegum LL, rætt um framkvæmd á hæfismati stjórnarmanna, gagnsæistefnu FME og um vinnu við endurskoðun á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.

Framtíðarskipan húsnæðismála

Félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði í október 2013 samvinnuhóp um framtíðarskipan húsnæðismála. Hlutverk hópsins er að móta framtíðarskipulag húsnæðismála. Hópurinn vinnur að því að kanna hvaða fyrirkomulag á fjármögnun almennra húsnæðislána á Íslandi er hagkvæmast og hvernig slíku fyrirkomulagi verði komið á. Jafnframt er skoðað hvernig unnt er að tryggja virkan leigumarkað hér á landi, sem og skilvirk félagsleg úrræði fyrir þá sem slíkt þurfa. Fulltrúi LL í þessari vinnu er Kristjana Sigurðardóttir, Almenna lífeyrissjóðnum, og situr hún í teymi sem skoðar fyrirkomulag fjármögnunar húsnæðislána.

Ákveðið var að setja á laggirnar stuðningshóp en í honum eru:

Guðmundur Þór Þórhallsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Marínó Örn Tryggvason, Arion banka
Loftur Ólafsson, Sameinaða lífeyrissjóðnum

Þann 16. janúar 2014 var boðað til fundar meðal lífeyrissjóða þar sem Kristjana Sigurðardóttir og Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ sem einnig situr í samvinnuhópnum, gerðu grein fyrir stöðu málsins.

Víxlverkun á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða

Mikil vinna hefur farið fram á starfsárinu vegna samkomulags sem gert var undir lok árs 2010 um víxlverkun á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða. Samkomulagið féll úr gildi um síðustu áramót og hefur verið unnið að því að finna lausn á málinu til bráðabirgða meðan unnið er í nefndum sem hafa það hlutverk að finna leiðir til framtíðar. Þessi vinna hefur farið fram á vegum réttindanefndar og vísast nánar til þess sem framar segir um verkefni nefndarinnar.

Afnám verðtryggingar

Sérfræðingahópur ríkisstjórnarinnar um afnám verðtryggingar óskaði eftir fulltrúum lífeyrissjóða á fund þann 11. október 2013. Á fundinn mættu auk framkvæmdastjóra LL þeir Arnar Sigurmundsson, Ólafur Sigurðsson og Tómas N. Möller. Var einkum lögð áhersla á að lántakar hafi val um hvort þeir taka verðtryggð eða óverðtryggð lán hverju sinni.

Afnám gjaldeyrishafta

Beiðni barst frá ráðgjafahópi ríkisstjórnarinnar um afnám gjaldeyrishafta um að fá fulltrúa Landssamtaka Lífeyrissjóða á sinn fund þann 27. febrúar. Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri mættu á fundinn og greindu m.a. frá því að gerður hafi verið samningur við Dr. Ásgeir Jónsson og Dr. Hersi Sigurgeirsson um greiningarvinnu á áhrifum gjaldeyrishafta á lífeyrissjóði, en aflétting gjaldeyrishafta er eitt af brynustu hagsmunamálum lífeyrissjóðanna.

Höfuðstólslækkun verðtryggðra lána

Sérfræðingahópur ríkisstjórnarinnar um höfuðstólsleiðréttingu verðtryggðra lána óskaði eftir því að fá fulltrúa LL á sinn fund þann 29. október 2013 og mættu formaður, framkvæmdastjóri og Arnar Sigurmundsson. Síðar skipaði fjármála- og efnahagsráðherra verkefnisstjórn til að annast framkvæmd almennrar höfuðstólslækkunar íbúðalána. Um miðjan janúar 2014 óskaði verkefnisstjórnin eftir fulltrúum frá lífeyrissjóðunum í þessa vinnu.

Agni Ásgeirsson, LSR, var skipaður fulltrúi lífeyrissjóðanna í framkvæmdahóp og Haraldur Arason, Lífeyrissjóði verzlunarmanna, í tæknihóp.

Þeim til stuðnings var sett á laggirnar teymi:

Daníel Arason, Almenna lífeyrissjóðnum
Elísabet Þórey Þórisdóttir, LSR/LH
Hlynur Þór Björnsson, Gildi lífeyrissjóði
Þór Egilsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Þórunn Svanhildur Eiðsdóttir, Sameinaða lífeyrissjóðnum

Frumvarp um málið bíður nú afgreiðslu Alþingis og skiluðu LL umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 22. apríl 2014.

Viðbótarlífeyrissparnaður til greiðslu húsnæðislána

Hugmyndin um niðurgreiðslu lána með viðbótarlífeyrissparnaði var fyrst kynnt lífeyrissjóðunum á fundi sem formaður stjórnar LL átti með skrifstofustjóra tekju- og lagaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins í nóvember 2013. Í framhaldi þess fundar var skipaður vinnuhópur til að fara yfir hin ýmsu framkvæmdaratriði sem huga bar að.

Í hópnum voru:

Sigrún Hauksdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum
Sigríður Ómarsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum
Þór Egilsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Ólafur Páll Gunnarsson, Íslenska lífeyrissjóðnum
Ólafur Haukur Jónsson, Sameinaða lífeyrissjóðnum

Um miðjan desember 2013 barst beiðni frá fjármála- og efnahagsráðherra um tilnefningu á fulltrúa frá lífeyrissjóðunum í starfshóp. Verkefni hópsins voru að gera tillögur að lagabreytingum og útfæra nánari framkvæmdaratriði sem fylgja ráðstöfun séreignarlífeyrissparnaðar skattfrjálst inn á húsnæðislán. Arnaldur Loftsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum, er fulltrúi lífeyrissjóðanna í þessum starfshópi. Nú liggur fyrir frumvarp til afgreiðslu á Alþingi sem byggir að stórum hluta á vinnu þessa starfshóps. LL skiluðu umsögn um málið til efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 10. apríl 2014.

Rafrænar þinglýsingar

Um nokkurra ára skeið hefur verið unnið að verkefni um rafrænar þinglýsingar. Í nóvember 2013 kom fram beiðni frá Þjóðskrá Íslands um að fá fulltrúa lífeyrissjóðanna í samstarfshóp um undirbúning að rafrænum þinglýsingum. Ásgrímur Skarphéðinsson, LSR, er fulltrúi lífeyrissjóðanna í þessari vinnu.

Samkeppniseftirlitið

Fundur var haldinn að beiðni Samkeppniseftirlitsins með fulltrúum lífeyrissjóða þann 28. október 2013. Þar mættu formaður og framkvæmdastjóri LL og fóru einkum yfir hlutverk samtakanna. Þann 15. nóvember var, eins og fyrr greinir, haldinn fjölmennur morgunverðarfundur sem bar yfirskriftina „Lífeyrissjóðir og atvinnulífið“. Á þeim fundi var Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, einn ræðumanna og setti fram nokkrar áleitnar spurningar er varða stöðu lífeyrissjóða í samkeppnislegu tilliti. Þann 16. desember áttu formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri LL óformlegan fund með forstjóra Samkeppniseftirlitsins og fleiri fulltrúum eftirlitsins. Fundurinn var einkum hugsaður til að skiptast á skoðunum og skýra sýn aðila á málefnið sem reyndist gagnlegt.



ERLENT SAMSTARF

Landssamtök lífeyrissjóða hafa um árabíl átt aðild að evrópskum samtökum sem nefnast PensionsEurope (áður EFRP). Þau eru vettvangur samvinnu samtaka lífeyrissjóða innan einstakra ríkja ESB og EFTA.

Nú eiga 23 samtök aðild að PE frá 20 löndum ESB og EFTA. Skrifstofur PE eru í Brussel og þar starfa framkvæmdastjóri, tveir hagfræðiráðgjafar, tveir lögfræðiráðgjafar og skrifstofustjóri.

LL eiga áheyrnaraðild að PE með rétti til setu á fundum á vegum samtakanna, aðgangi að innri vef þeirra og málefnaþarfi. Einnig eiga LL þess kost að senda inn upplýsingar og fá aðgang að niðurstöðum kannana sem gerðar eru á vegum PE um stöðu lífeyrismála í aðildarríkjunum. Aðild að samtökunum veitir þannig góðan möguleika á því að fylgjast með straumum og stefnu í þróun löggjafar ESB sem varðar lífeyrissjóði. Sú þróun varðar í flestum tilvikum Ísland beint þar sem bróðurpartur þeirra tilskipana og reglugerða ESB sem hér um ræðir varða innri markað Evrópska efnahagssvæðisins.


PensionsEurope heldur svonefnda GAM fundi (General Assembly Meeting) tvisvar á ári. Fullrúti LL situr þá fundi ásamt framkvæmdastjóra LL. Þar eru til kynningar og umræðu þau atriði sem efst eru á baugi á hverjum tíma. Má þar m.a. nefna hvítbók ESB um sjálfbær lífeyriskerfi innan ESB, þróun og breytingar á félagaréttartilskipun ESB sem varað stjórnarhætti fyrirtækja, endurskoðun tilskipunar um starfstengda lífeyrissjóði og atriði sem varða hagsmuni einstaklinga sem eiga lífeyrisréttindi í fleiri en einu EES-ríki.

Ávinningur aðildar LL að PensionsEurope felst m.a. í:

- tengingu við hagsmunagæslusamtök á vettvangi þar sem unnið er að sameiginlegum ESB reglum sem varða innri markað Evrópska efnahagssvæðisins;
- aðgangi að samevrópskum könnunum um lífeyrismál;
- tengslum við aðila í nágrannalöndum okkar sem vinna að hliðstæðum hagsmunamálum;
- betri möguleikum en ella til að fylgjast með þróun málefna og regluverks er varða lífeyrissjóði á vettvangi ESB.

Nánari upplýsingar um PensionsEurope má finna á vef samtakanna:

www.pensionseurope.eu



AÐILDARSJÓÐIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Lífeyrissjóðir landsmanna eru nú 27 en þeir voru 96 árið 1980. Sjóðunum fer því fækkaandi og á árinu 2013 sameinuðust fimm lokaðir sjóðir með bakábyrgð sveitarfélaga Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga.

Lífeyrissjóður	Hrein eign 31.12.2012 milljónir króna	Innan LL %
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	436.644	18,23
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	402.204	16,79
Gildi lífeyrissjóður	302.258	12,62
Stapi lífeyrissjóður	131.656	5,50
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	130.721	5,46
Almenni lífeyrissjóðurinn	128.994	5,39
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	116.668	4,87
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	108.759	4,54
Stafir lífeyrissjóður	102.973	4,30
Festa lífeyrissjóður	79.597	3,32
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	69.683	2,91
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	61.924	2,59
Lífeyrissjóður bankamanna	55.723	2,33
Lífeyrissjóður verkfræðinga	44.979	1,88
Íslenski lífeyrissjóðurinn	37.140	1,55
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	34.916	1,46
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	31.660	1,32
Lífeyrissjóður bænda	25.558	1,07
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	24.469	1,02
Eftirlaunasjóður FÍA	20.372	0,85
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.	18.217	0,76
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	8.450	0,35
Lífeyrissjóður Rangæinga	7.018	0,29
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	3.446	0,14
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	3.437	0,14
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	3.316	0,14
Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar	1.973	0,08
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	994	0,04
Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	606	0,03
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	491	0,02
Samtals:	2.394.861	100

Heimild: Ársreikningaskrá FME

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA
ÁRSREIKNINGUR 2013



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvári lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2013 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 96,4 millj. kr. og hagnaður af rekstrinum var 13,4 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 55,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 42,0 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. mars 2014

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

Gunnar Baldvinsson

Haukur Hafsteinsson

Arnar Sigurmundsson

Ásgerður Pálsdóttir

Ásta Rut Jónasdóttir

Guðrún Guðmannsdóttir

Heiðrún Jónsdóttir

Kristbjörg Stephensen

Þorbjörn Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:

Þórey S. Þórðardóttir



ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

TIL STJÓRNAR OG AÐILDARSJÓÐA LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landssamtaka Lífeyrissjóða fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

ÁBYRGÐ STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

ÁLIT

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

STAÐFESTING VEGNA SKÝRSLU STJÓRNAR

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 25. mars 2014

KPMG ehf.

Sæmundur Valdimarsson

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2013

	Skýr.	2013	2012
REKSTRARTEKJUR			
Árgjöld	1b	93.570.822	73.591.547
Sérstakt gjald vegna úttektarnefndar	1b	0	21.100.000
Aðrar tekjur		<u>2.835.182</u>	<u>1.406.838</u>
		<u>96.406.004</u>	<u>96.098.385</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	2	46.110.757	39.765.001
Annar rekstrarkostnaður	3	39.374.247	39.887.241
Kostnaður vegna úttektarnefndar	4	<u>0</u>	<u>18.894.501</u>
		<u>85.485.004</u>	<u>98.546.743</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		10.921.000	(2.448.358)
Vaxtatekjur		2.473.751	1.797.135
Vaxtagjöld		(<u>19.510</u>)	(<u>19.385</u>)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>2.454.241</u>	<u>1.777.750</u>
Hagnaður (tap) ársins	7	<u>13.375.241</u>	<u>(670.608)</u>



EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

	Skýr.	2013	2012
FASTAFJÁRMUNIR			
Rekstrarfjármunir:			
Áhöld og innréttingar	5	<u>195.082</u>	<u>384.090</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	6	<u>682.208</u>	<u>682.208</u>
Fastafjármunir samtals		<u>877.290</u>	<u>1.066.298</u>
VELTUFJÁRMUNIR			
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða hf.		0	3.821.786
Aðrar skammtímakröfur		522.747	4.764.478
Handbært fé		<u>61.310.746</u>	<u>43.480.487</u>
Veltufjármunir samtals		<u>61.833.493</u>	<u>52.066.751</u>
Eignir samtals		<u><u>62.710.783</u></u>	<u><u>53.133.049</u></u>

31. DESEMBER 2013

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2013	2012
Eigið fé	7	<u>55.356.169</u>	<u>41.980.928</u>
SKAMMTÍMASKULDIR			
Ýmsar skammtímaskuldir		<u>7.354.614</u>	<u>11.152.121</u>
Skuldir samtals		<u>7.354.614</u>	<u>11.152.121</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>62.710.783</u></u>	<u><u>53.133.049</u></u>



SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2013

	Skýr.	2013	2012
REKSTRARHREYFINGAR			
Hagnaður (tap) ársins	7	13.375.241	(670.608)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	<u>189.008</u>	<u>500.577</u>
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>13.564.249</u>	(<u>170.031</u>)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		4.241.731	(3.868.743)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(3.797.507)	2.861.908
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>444.224</u>	(<u>1.006.835</u>)
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>14.008.473</u>	(<u>1.176.866</u>)
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR			
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða hf., breyting		<u>3.821.786</u>	(<u>2.249.589</u>)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>3.821.786</u>	(<u>2.249.589</u>)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		17.830.259	(3.426.455)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>43.480.487</u>	<u>46.906.942</u>
Handbært fé í árslok		<u>61.310.746</u>	<u>43.480.487</u>

SKÝRINGAR

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs-reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.
- b. *Innlausn tekna*
Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu 2013 eru miðuð við iðgjaldatekjur þeirra á árinu 2012. Árgjöldin eru 0,1% af 12% lágmarksíðgjöldum sjóðanna.
- c. *Rekstrarfjármunir*
Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.
- d. *Eignarhlutir í félögum*
Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2013	2012
Laun stjórnar og varastjórnar	7.759.500	8.895.000
Laun og hlunnindi starfsmanna	28.917.018	22.903.475
Laun samtals	36.676.518	31.798.475
Launatengd gjöld	9.434.239	7.966.526
Laun og launatengd gjöld samtals	46.110.757	39.765.001

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	2,2	1,3
---	-----	-----

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna greinist þannig:

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri	18.566.930	15.898.436
Hrafn Magnússon, fyrrverandi framkvæmdastjóri	0	3.721.262
Gunnar Þór Baldvinsson, formaður stjórnar	1.482.000	1.030.000
Haukur Hafsteinsson, varaformaður	1.111.500	1.005.000
Arnar Sigurmundsson, fyrrv. formaður stjórnar	741.000	3.140.000
Guðrún K. Guðmannsdóttir	741.000	670.000
Þorbjörn Guðmundsson	741.000	670.000
Ásgerður Pálsdóttir	441.000	0
Heiðrún Jónsdóttir	441.000	0
Kristbjörg Stephensen	441.000	0
Friðbert Traustason	300.000	670.000
Helgi Magnússon	300.000	670.000
Sigurður Bessason	300.000	670.000
Bryndís Hlöðversdóttir	252.000	0
Jón G. Kristjánsson	217.500	115.000
Ásta Rut Jónsdóttir	126.000	0
Sigurbjörn Sigurbjörnsson	63.000	55.000
Auður Finnbogadóttir	31.500	110.000
Ólafur Sigurðsson	30.000	90.000

Skýringar, frh.:

3. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2013	2012
Húsaleiga	2.821.311	2.102.952
Annar húsnæðiskostnaður	489.798	424.951
Pappír, prentun, ritföng	1.013.590	1.000.251
Símakostnaður	897.237	780.064
Burðargjöld	155.156	147.557
Bækur, blöð, tímarit og fjölmiðlavakt	1.400.438	1.076.498
Aðkeypt þjónusta lögfræðinga	2.934.576	9.346.143
Aðkeypt þjónusta endurskoðenda	838.340	1.107.412
Aðkeypt þjónusta frá Greiðslustofu Lífeyrissjóða	4.011.527	4.053.347
Aðkeypt þjónusta almennatengla og auglýsingakostnaður	12.203.995	4.029.695
Önnur aðkeypt þjónusta	3.314.358	3.118.267
Ferðakostnaður	711.852	1.112.187
Fundir, ráðstefnur, námskeið	4.833.316	2.822.176
Félagsgjöld	1.941.998	1.764.112
Réttindabók	0	5.102.867
Viðhald og gjaldfærð áhöld og tæki	547.710	864.024
Styrkir	0	300.000
Afskriftir rekstrarfjármuna	189.008	500.577
Starfsmannakostnaður	918.023	86.435
Annar kostnaður	152.014	147.726
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>39.374.247</u>	<u>39.887.241</u>

4. Kostnaður vegna úttektarnefndar

Kostnaður vegna úttektarnefndar greinist þannig:		
Laun	0	8.124.133
Launatengd gjöld	<u>0</u>	<u>1.481.802</u>
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>0</u>	<u>9.605.935</u>
Útgáfa úttektarskýrslu	0	8.208.543
Húsaleiga	0	270.000
Annar kostnaður	<u>0</u>	<u>810.023</u>
Rekstrarkostnaður samtals	<u>0</u>	<u>9.288.566</u>
Kostnaður vegna úttektarnefndar samtals	<u>0</u>	<u>18.894.501</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	0,0	0,8

Skýringar, frh.:

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	2013
Stofnverð 1.1.2013	2.921.207
Niðurlagt á árinu	(970.384)
Stofnverð 31.12.2013	<u>1.950.823</u>
Afskrifað 1.1.2013	2.537.117
Afskrifað á árinu	189.008
Afskrift færð út	(970.384)
Afskrifað 31.12.2013	<u>1.755.741</u>
Bókfært verð 31.12.2013	<u>195.082</u>
Afskriftahlutföll	20-35%

6. Áhættufjármunir

Eignarhlutir félagsins í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða hf.	7,5%	672.208
Greiðslustofa lífeyrissjóða	1,0%	<u>10.000</u>
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals		<u>682.208</u>

7. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2013	24.416.897	17.564.031	41.980.928
Hagnaður ársins		<u>13.375.241</u>	<u>13.375.241</u>
Eigið fé 31.12.2013	<u>24.416.897</u>	<u>30.939.272</u>	<u>55.356.169</u>

8. Skuldbindingar

Landssamtök lífeyrissjóða hafa samið við Fjármálaeftirlitið um að framkvæma íslenskan hluta fjölþjóðlegrar rannsóknar á nægjanleika lífeyrissparnaðar (Retirement Savings Adequacy: Saving for retirement and the role of private pensions in retirement readiness in Iceland) fyrir OECD, Efnahags- og framfarastofnunina. Evrópusambandið hefur veitt styrk til FME vegna rannsóknarinnar sem nemur 80% af kostnaðaráætlun. Landssamtökin eru samstarfsaðili og styrkja rannsóknina um sem nemur 20% af kostnaðaráætlun. Styrkurinn er annars vegar í formi vinnuframlags og hins vegar í formi fjárfamlags, samtals að fjárhæð 4,3 millj. kr. miðað við gengi evru í árslok 2013. Þá bera Landssamtökin ábyrgð á greiðslu kostnaðar umfram kostnaðaráætlun.



